

Akstursþjónusta eldra fólks hefur það að markmiði að gera íbúum kleift að búa heima sem lengst við sem eðlilegastar aðstæður. Sérútbúnir bílar eru notaðir í akstursþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um akstursþjónustu eldri borgara, sjá www.kopavogur.is

Hverjir eiga rétt?

Akstursþjónusta eldra fólks er fyrir þá sem eru orðnir 67 ára, sem búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Lögbblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, eða á rafrænu formi í gegnum Þjónustugátt á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða fagbréf frá öðrum fagaðila þar sem staðfest er þörf á sértækri akstursþjónustu og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

Hve mikla ferðapjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 16 ferðir á mánuði. Í undantekningatilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á endurhæfingarsstofnun í allt að þrjá mánuði á ári. Jafnframt er heimilt að veita akstur í dagvist aldraðra utan bæjarfélagsins og í félagsstarf. Umsóknir eru teknar fyrir á málafundi ráðgjafateymis að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist.

Hvernig er greitt fyrir akstursþjónustu?

Gjaldtaka fyrir hverja ferð er 673 kr. Fari ferðafjöldi yfir 16 ferðir í mánuði greiðast 1.346 kr. fyrir hverja ferð. Aukagjald leggst ofan á almennt gjald vegna ferðapantana „samdægurs“ þ.e. panta þarf fyrir 16:00 daginn áður.

Gjaldskrá með leigubíl fyrir lögblanda miðast við fullt fargjald strætó. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

Dæmi um kostnaðarþátttöku notanda þjónustunnar:

Kostnaður ferðar allt að: 9.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 690 kr.

Kostnaður ferðar frá 9.685 allt að 11.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 1.380 kr.

Kostnaður ferðar frá 11.685 allt að 13.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 2.070 kr.

Kostnaður ferðar frá 13.684 allt að 15.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 2.760 kr.

**Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá.*

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða fulltrúa akstursþjónustu til að fá upplýsingar um mál sem tengjast akstursþjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

Fulltrúi akstursþjónustu á velferðarsviði er Sigríður Ragnarsdóttir velferd@kopavogur.is

Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar er Jón Kristján Rögnvaldsson

Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla virka daga.

Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og fulltrúi mun hafa samband.